



93. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudagur, 26. ágúst, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2004/2005.
 - a. Tilkynning frá sjávarútvegsráðuneytinu.
 - b. Fulltrúar Norðuróss ehf. mæta til viðræðna.
 - c. Særún hf.: Greinargerð vegna ráðstöfun byggðakvóta 2003/2004.
 - d. Ásver ehf.: Greinargerð vegna ráðstöfun byggðakvóta 2003/2004.
2. Minnisblað frá bæjarstjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs.
3. Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.
 - a. Ársreikningur 2003
 - b. Fjárhagsáætlun 2005.
 - c. Fundargerð frá 17/8/2004.
 - d. Drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir ÍSTEX hf.
 - e. Drög að starfsleyfi fyrir Sölufélag A-Hún.
4. Erindi frá Erlendi Magnússyni.
 - a. Bréf til bæjarstjórnar og skipulags- og byggingarnefndar.
 - b. Fasteignagjöld Brimslóð 8.
 - c. Hitaveita og múrhúðuð timburhús í gamla bænum.
 - d. Mistök embættis byggingafulltrúa gagnvart Brimslóð 8.
 - e. Leyfi til endurbóta að Brimslóð 6.
 - f. Lóðarleigusamningur Brimslóð 8 og samþykkt byggingarnefndar.
 - g. Höggmyndagarður og sjávaröryggisgarður.
5. Minnisblað bæjarstjóra vegna Golfklúbbsins Óss.
6. Greinargerð fararstjóra vegna vinabæjarmóts 2004.
7. Erindi frá Reiðhöllinni Arnargerði ehf.
8. Hafnasambandsþing 2004.
9. Fundargerð stjórnar ANVEST frá 10/8/2004.
10. Fundargerð héraðsráðs A-Hún. frá 10/8/2004.
11. Bréf frá KSÍ.
12. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2004/2005.
 - a. Tilkynning frá sjávarútvegsráðuneytinu.

Fram lagt bréf sjávarútvegsráðuneytisins, þar sem sveitarstjórnnum er gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta vegna fiskveiðiársins 2004/2005.

Bæjarráð samþykkir að óska eftir úthlutun byggðakvóta og felur bæjarstjóra að senda inn umsókn ásamt greinargerð fyrir 1. október nk.



b. Fulltrúar Norðuróss ehf. mæta til viðræðna.

Mættir eru Gunnar Þór Gunnarsson og Ágúst V. Sigurðsson frá Norðuróss ehf. Farið var yfir stöðu mála hjá fyrirtækinu m.a. m.t.t. úthlutunar byggðakvóta. Viku þeir af fundi kl. 18:15.

c. Særún hf.: Greinargerð vegna ráðstöfun byggðakvóta 2003/2004.

Greinargerðin er lögð fram til kynningar.

d. Ásver ehf.: Greinargerð vegna ráðstöfun byggðakvóta 2003/2004.

Greinargerðin er lögð fram til kynningar.

2. Minnisblað frá bæjarstjóra og sviðsstjóra framkvæmda- og veitusviðs.

Í minnisblaðinu, dags. 25. ágúst sl. er lagt til að Björn S. Þórisson núverandi starfsmaður þjónustumiðstöðvar verði ráðinn sem flokksstjóri/bæjarverkstjóri til eins árs frá og með 1. september 2004. Jafnframt leggja undirrituð það til að Finnur Björnsson, taki að sér stöðu hafnarvarðar meðfram störfum í þjónustumiðstöð. Fram kemur að þegar hefur verið auglýst laus staða slökkviliðsstjóra og starfsmanns þjónustumiðstöðvar og er þar um eitt fullt stöðugildi að ræða. Undirrituð gera það jafnframt að tillögu sinni að starfsstöð eftirlitsmanns eigna verði flutt í þjónustumiðstöð sökum þrengsla á bæjarskrifstofu og til að samtvinna betur störf eftirlitsmanns og starfsmanna þjónustumiðstöðvar.

Ofangreindar tillögur voru samþykktar með 2 atkvæðum. Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við ofangreinda starfsmenn. Ágúst Þór vakti máls á að ofangreindar breytingar fela í sér fækkun starfa í þjónustumiðstöð á sama tíma og þeim eru falin aukin verkefni.

3. Frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra.

a. Ársreikningur 2003

Skv. reikningnum eru tekjur kr. 15.367.283,-, rekstrargjöld kr. 15.061.598 og fjármagnsgjöld kr. 732.160,-. Rekstrarniðurstaða ársins sýnir því tap sem nemur kr. 426.475,-.

b. Fjárhagsáætlun 2005.

Áætlunin gerir ráð fyrir rekstrargjöldum sem nemur kr. 17.800.000,-. Áætlaður hlutur sveitarfélaga er kr. 6.750.000,-, heilbrigðiseftirlitsgjöld kr. 10.750,- og sértekjur kr. 300.000,-.

c. Fundargerð frá 17/8/2004.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

d. Drög að starfsleyfisskilyrðum fyrir ÍSTEX hf.

Lagt fram til kynningar.

e. Drög að starfsleyfi fyrir Sölufélag A-Hún.

Lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá Erlendi Magnússyni.

Mættur er Rolf Árnason, byggingarfulltrúi til að fara yfir erindin með bæjarráði.



a. Bréf til bæjarstjórnar og skipulags- og byggingarnefndar.

Í bréfi dags. 2. ágúst 2004 rekur bréfitari feril vegna endurgerðar fasteignarinnar að Brimslóð 8 og þau mál sem upp hafa komið á byggingartímanum. Í því sambandi hefur hann tekið saman yfirlit um hin ýmsu mál sem fylgja hér á eftir.

b. Fasteignagjöld Brimslóð 8.

Farið er fram á leiðréttingu vegna greiddra fasteignagjalda af eigninni, vegna bruna og að húsið stóð autt vegna endurbóta. Leggur bréfitari fram tillögu að uppgjöri vegna málsins.

Bæjarráð hafnar erindinu.

c. Hitaveita og múrhúðuð timburhús í gamla bænum.

Bent er á að í eldri fasteignum í gamla bæjarkjarnanum sé hitastig vatnsins lægra en það sem gjaldskrá hitaveitunnar er miðuð við. Farið er fram á leiðréttingu og að greitt verði eftir hitaeningum en ekki eftir magni vatns.

Bæjarráð bendir á að breytingar á gjalddöku hitaveitu verða að styðjast við gildandi gjaldskrá og reglugerð hitaveitunnar sbr. gjaldskrá hitaveitu Blönduóssbæjar sem staðfest er af iðnaðarráðuneytinu 16. janúar 2004.

d. Mistök embættis byggingafulltrúa gagnvart Brimslóð 8.

Bréfitari vitnar til ársins 1983 þegar embættið sendi rangar upplýsingar til fasteignamats ríkisins. Húseignin, Brimslóð 8 var því skráð minni en hún var í raun þegar tryggingafélagið greiddi brunabætur til fyrri eiganda.

Bæjarráð felur byggingafulltrúa að leita lögfræðialits á málinu.

e. Leyfi til endurbóta að Brimslóð 6.

Óskað er eftir úttekt byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra á húsnæðinu.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og byggingarnefndar.

f. Lóðarleigusamningur Brimslóð 8 og samþykkt byggingarnefndar.

Vitnað er í þinglýstan lóðarsamning og samþykkt skipulags- og byggingarnefndar frá 18. nóv. 2003 þar sem lagt er til að gengið verði frá lóðamörkum í samræmi við núgildandi deiliskipulag.

Bæjarráð felur byggingafulltrúa að leita lögfræðialits á málinu.

g. Höggmyndagarður og sjávaröryggisgarður.

Skv. áður innsendu erindi er óskað eftir leyfi til uppsetningar höggmyndagarðs og kynnt að flutt var efni á lóðina í mars 2004 til að stöðva ágang sjávar. Samkvæmt bréfitara voru þessar framkvæmdir stöðvaðar af byggingafulltrúa í vor þar sem ágreiningur er um lóðarsamning.

Skipulags- og byggingarnefnd falið að fjalla nánar um málið.



Byggingafulltrúi vék af fundi kl. 19:20.

5. Minnisblað bæjarstjóra vegna Golfklúbbsins Óss.

Í minnisblaði vitnar bæjarstjóri í fund með formanni golfklúbbsins þar sem formaður óskar þess að felld verði niður skuld klúbbsins við sveitarfélagið.

Erindinu vísað til gerð næstu fjárhagsáætlunar.

6. Greinargerð fararstjóra vegna vinabæjarmóts 2004.

Mótið var haldið í Nokia í Finnlandi í lok júní sl. Greinargerðina er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins.

7. Erindi frá Reiðhöllinni Arnargerði ehf.

Erindi bréfsins er að óska eftir að núverandi hluthafar afli frekari hlutafjár með því að kaupa sjálfir eða fá inn nýja aðila.

Bæjarráð þakkar erindið en afþakkar frekari hlutafjárkaup.

8. Hafnasambandsþing 2004.

Þingið verður haldið dagana 28. og 29. október nk. Formanni hafnar- og veitunefndar er falið að sækja þingið.

9. Fundargerð stjórnar ANVEST frá 10/8/2004.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

10. Fundargerð héraðsráðs A-Hún. frá 10/8/2004.

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

11. Bréf frá KSÍ.

Pakkaðar eru frábærar móttökur í tengslum við landsleiki sem fram fóru á Blönduósi á Norðurlandamóti U21 kvenna í sumar.

12. Önnur mál.

- a. Aðalfundur Félagsheimilisins verður haldinn mánudaginn, 13. september nk. kl. 17:30.

**Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl 20:35.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)